

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 26. ágúst 2011

SVANDÍS DÓRA EINARSDÓTTIR

Bregður sér í hlutverk
Jóu í Veghúsum

- SAD SAD SAD slær í gegn
- Á rúmstokknum
- Baksviðs á Reykjavík Runway

VERÐ
AÐEINS

Kr. **117.950**



@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EDA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750
HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í
BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI
• SÍMI 569 0700
• WWW.ATT.IS

TÆR SNILLD!

Acer Aspire 5750G-2314G50MN



- Intel Core i3 Sandy Bridge
- 4GB DDR3 minni
- 500GB diskur
- 1GB Geforce GT 520M leikjaskjálkort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT stýrikerfi

Allt að 4,5 tíma rafhlöðuhleðsla

AÐEINS 2,6 KÍLÓ

núna

sumarlök

LAKKAÐAR NEGLUR Lakkaðar neglur setja gjarnan punktinn yfir i-ið þegar halda skal út á lífið. Prófið endilega sterka og óhefðbundna liti eins og þessa tvo.



meðmælin

Markaðsdagar

Útimarkað-ur íbúasamtaka Laugar-dals verður á morgun í grennd við Grasagarðinn. Markaðurinn verður með sama sniði og áður og hefst klukkan 11.00. Að þessu sinni verður markaðurinn haldinn í samstarfi við Grasagarðinn og Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og má því búast við því að þetta verði heljarinnar fjölskylduskemmtun sem enginn má missa af. Sama dag er haldin hin árlega Hverfahátíð Miðborgar og Hlíða á svæði Vals í Hlíðarenda.



Í bili

Sýningin í bili verður opnuð í Hafnarborg í kvöld klukkan 20.00 en hún samanstendur af verkum tólf listamanna og listannahópa. Verkin eru flest ný og vísa til sögulegs upphafs safna sem kennd eru við furðustofur endurreisnarinnar, eða Wunderkammer líkt og það nefnist á þýsku. Í þeim mátti finna sjaldgæfa muni sem evrópskir aðalsmenn höfðu með frá framandi slóðum. Meðal þeirra sem eiga verk á sýningunni eru Daníel Björnsson, Grétar Reynisson, Haraldur Jónsson, Hildigunnur Birgisdóttir, Ingirafn Steinarsón og Magnús Árnason.



Kristín Lýðsdóttir og Dóra Dúna Sighvatsdóttir vinsælar í Danmörku:

SPILA SORGLEGAR ÁSTARBALLÖÐUR

Kristín Lýðsdóttir og Dóra Dúna Sighvatsdóttir skipa plötusnúðatvíeykið SAD SAD SAD. Þær stóllur eru báðar búsettar í Kaupmannahöfn og þykja efnilegir plötusnúðar.

Vinkonurnar kynntust er þær voru sextán ára að aldri og tóku fljótt eftir því að þær höfðu svipaðan tónlistarsmekk. Þær mynduðu þó ekki SAD SAD SAD fyrr en í febrúar í fyrra og síðan þá hafa þær spilað víða í Danmörku og meðal annars komið fram á tónlistarhátíðinni Trailerpark Festival. „Vinur okkar hafði heyrt okkur spila í einhverju eftirpartýi og bað okkur um að spila á barnum sínum stuttu síðar. Við auðvitað slógum til og eftir það hætti síminn ekki að hringja. Áður en við vissum af vorum við farnar að spila allt að þrisvar í viku. Okkur fannst það einum of mikið þar sem við erum báðar í fullri vinnu og tókum þá ákvörðun að spila frekar sjaldnar og þá á stöðum sem við elskum. Við viljum alls ekki vera „sell out“,“ útskýrir Dóra Dúna.

Nafngiftin er spröttin út frá lagavali stúlkanna en þær spila mikið af sorlegum ástarlögum sem eiga það til að gleymast innan um allt teknið sem spilað



Vinsælt tvíeyki Kristín Lýðsdóttir og Dóra Dúna Sighvatsdóttir mynda plötusnúðatvíeykið SAD SAD SAD. Þær spila ástarlög og hafa slegið í gegn í Danmörku.

MYND/NICOLAI LEVIN

er á skemmtistöðum í dag. „Nafnið kemur frá laginu D'yer Mak'er með Led Zeppelin en viðlagið er: „When I read the letter you wrote me, it made me mah mah mad. When I read the words that it told me, it made me sah sah sad“. Við

elskum báðar þetta lag,“ segir Kristín.

Þær stóllur segja viðtökurnar hafa verið glimrandi góðar og ætla þær að halda spilamennskunni áfram. Inntar eftir því hvort von sé á þeim heim til Íslands

eru þær fljótar til svars: „Okkur langar mikið til Reykjavíkur að spila, enda báðar með mikla heimþrá. Okkur langar aðallega að spila á Dillon, Kaffibarnum eða Rauða ljóninu. Bókið okkur.“

- sm

Marc Jacobs orðaður við Dior:

Vangavelturnar halda áfram

Enn velta menn því fyrir sér hver verði arftaki Johns Galliano hjá Dior-tískuhúsinu. Líkt og kunnugt er orðið var Galliano vikið frá störfum eftir að hann var kærður fyrir kynþáttahatur.

Nýjustu fregnir herma að bandaríski hönnuðurinn Marc Jacobs gæti tekið við sem yfirhönnuður Dior en þá þyrfti að fylla hans skarð hjá Louis Vuitton. Hin hæfileikaríka Phoebe Philo, sem nú starfar sem yfirhönnuður hjá Celine við góðar orðstír, hefur verið orðuð við stöðu yfirhönnuðar hjá Vuitton verði af því að Jacobs taki við hjá Dior. Philo yrði þó áfram hjá Celine og mundi því stýra hönnun tveggja stórra tískuhúsa á sama tíma.

Fréttirnar eru sannarlega forvitnilegar hvort sem eitthvað er hæft í þeim eður ei, enda er Jacobs með hæfileikaríkari hönnuðum seinni ára.

- sm



Til Dior? Marc Jacobs er orðaður við stöðu yfirhönnuðar hjá tískuhúsinu Dior.

NORDICPHOTOS/GETTY

augnahlíkið



FLOTT Skoska leikkonan Kelly MacDonald var falleg að vanda er hún sótti ráðstefnu á vegum Pixar.

NORDICPHOTOS/GETTY

FRÉTTIR VÍSDAÐIÐ ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

FLEIRI MÖRK OG FASTARI SKOT Á BOLTAVAKT VÍSIS

Fylgstu með Pepsideildinni í Boltavaktinni á Vísi. Beinar textalýsingar allra leikja, útlýsingar á leik í hverri umferð í Boltavarpinu og umfjöllun strax að loknum leik. Myndbönd með viðtölum öll mörkin í sjónvarpi Vísis. Vertu á Boltavaktinni með Vísi í sumar.




Meira sjónvarp, meira útlýsingar, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Bolta varpið í beinni á Vísi

vísir Meiri Vísir.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Umsjón Sara McMahon Forsiðumynd Valgarður Gíslason Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is Föstudagur Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



ÞEGAR KÓLNAR KVEIKJUM VIÐ Á KERTUM,
SETJUM PÚÐA Í SÓFANN OG

GERUM HEIMILIÐ NOTALEGT

KOMINN AFTUR!

TILBOÐ VERÐ AÐEINS

199.900.-

NÚ BÆÐI HÆGRI OG
VINSTRI LEGUBEKKUR

PÚÐAR FRÁ
1490.-



VEGGMYND SVÖRT/SILFUR 9990.-

SEBRASPEGILL 6990.-



HIRSLUR FRÁ:
3990.-

**3 FYRIR 2
AF PÚÐUM**

LUKTIR FRÁ: 1290.-



**3 FYRIR 2
AF KERTUM**

KERTI - MARGIR ILMIR
FERSKJU, VANILLU, GRÆNT TE, LÓTUSBLÓM O.FL.

KÖRFUR LÍTIL 2490.-
STÓR 3490

BRAUÐKARFA
1390.-



GLASABAKKAR
990.-
SETTIÐ

SILFURHILLA STÓR
89.900.-

**KOMINN
AFTUR!**

GLERDISKAR FRÁ: 490 KR.



**NÝ
HÚSGÖGN**

SKENKUR
119.900.-

SILFURHILLA LÍTIL
69.900.-

SKÁPUR 149.900.-

SNYRTIBORÐ 69.900.-

FINNDU OKKUR
Á FACEBOOK

the
PIER

SILFUR SÓFABORÐ
48.900.-

SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

FANN ÁSTINA Á ÍSAFIRÐI

Svandís Dóra Einarsdóttir hefur verið viðloðandi leiklist síðan hún man eftir sér. Hún hefur leikið í fjölda auglýsinga, stuttmynda, kvikmynda og sjónvarpsþátta og hefur að auki ferðast með hópa um landið á hestbaki. Í vetur mun hún fara með hlutverk Jóu í *Veghúsum* í verkinu *Heimsljós* í Þjóðleikhúsinu.

Viðtal: Sara McMahon

Ljósmyndir: Valgarður Gíslason

Svandís er uppalin í Kópavoginum og er dóttir hestamannsins Einars Bollasonar og Sigrúnar Ingólfssdóttur. Hún stundar hestamennskuna af miklum móð en áður vann hún jafnframt við tanningar. Foreldrar hennar reka Íshesta og hefur Svandís unnið sem leiðsögumaður hjá fyrirtækinu í hálendisferðum frá tvítugsaldri. „Ég kem úr mikilli hestafjölskyldu og fór fyrst á bak þegar ég var enn inni í maganum á mömmu. Ég hef átt nokkra hesta um ævina og þann fyrsta fékk ég í fæðingargjöf frá mömmu og fæddist hann aðeins viku á undan mér og er enn á lífi. Sú meri var fyrsti keppnishesturinn minn en er núna komin á elliheimili uppi í sveit,“ segir hún.

Svandís á einnig hundinn Spræk sem er árgamall Border Collie og hefur hann fylgt henni víða um land í sumar. „Hann er mjög hlýðinn núna en þegar hann var yngri át hann allt, skó,



myndavél sem ég átti, bækur og hvað eina,“ segir hún brosandí.

GAMALT ÁHUGAMÁL

Í vetur mun Svandís stíga á fjallir Þjóðleikhússins í hlutverki Jóu

í *Veghúsum* í *Heimsljósi* Halldórs Laxness. Hún útskrifaðist úr leiklistardeild Listaháskólans vorið 2010 en segir leiklistaráhugann alltaf hafa blundað í henni. „Ég ákvað að kýla á leiklistina af alvöru eftir stúdentinn og ætlaði út í nám. Ég skráði mig í ensku í Háskólanum í millitíðinni og gekk til liðs við Stúdentaleikhúsið og kynntist krökkum sem höfðu skráð sig í inntökuprófin hér heima. Ég fór þá að skoða skólann betur og bera hann saman við skólana sem ég hafði kynnt mér í Englandi og Bandaríkjunum og komst að því að mér leist best á námið hér.“

Hún viðurkennir að leiklistin geti verið hark en segist jafnframt ekki geta hugsað sér betra starf. „Þegar ég fer í leikhús eða bíó verð ég oft fyrir svo miklum áhrifum. Mér finnst heillandi að geta komið sögu og upplifun til áhorfenda og hreyft við þeim á einhvern hátt. Ég græt sjálf stundum í bíói og leikhúsi og á auðvelt með að sökkva mér í þá veröld. Það finnst mér líka svo heillandi við leiklistina, að fá að búa til karakter og skapa annan heim frá grunni.“

Svandís lauk nýverið við að leika í kvikmyndinni *Borgríki* sem verður frumsýnd síðar í haust. Hún segir skritið að horfa á sjálfan sig á kvikmyndatjaldinu í fyrsta sinn en tekur fram að það venjist furðu fljótt. „Fyrst hugsar maður „ó, guð!“, en svo fer maður að horfa á þetta öðrum augum.“

MÁTULEGA KÆRULAUS

Leikarastarfið mun seint teljast

tryggt og tekjurnar enn síður. Innt eftir því hvort starfinu fylgi miklar fjárhagsáhyggjur svarar Svandís því neitandi. „Maður kemur oftast beint úr námi og er því vanur að lifa sparlega á námslánum. Ég var til dæmis orðin mjög fær í að elda alls kyns baunarétti á námsárunum. Á sunnudögum fór ég aftur á móti oft í mat til foreldra minna og fékk þá smá kjöt. En auðvitað getur það tekið á taugarnar að vera ekki með mánaðarlegar tekjur en það lærist þó. Hlutirnir hafa samt þá tilhneigingu til að reddast þannig að ég er mátulega kærulaus með þetta allt saman.“

HIMNESKA SUMARIÐ

Svandís hefur verið í sambandi með Sigtryggi Magnasyni leikskáldi í rúm ár og kynntist parið fyrst í gegnum Nemendaleikhúsið. Ástin kviknaði þó ekki fyrir en nokkru síðar og þá á Ísafirði. „Ástin kviknaði á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður í fyrra. Sigtryggur er fæddur og uppalinn í sveit og er með hestadellu eins og ég. Svo er hann líka viðloðandi leiklistina þannig að við höfum alltaf um nóg að tala,“ segir hún og brosir.

Svandís skrifar nú sitt fyrsta leikverk með Sigtryggi og hefur það hlotið titilinn Nú er himneska sumarið komið. Samstarfið gengur að hennar sögn vel og vinna þau auðveldlega saman. „Hann er mikið skáld og sér að mestu um skrifin á meðan geng ég um gólf og blaðra út í loftið,“ segir hún hlæjandi.

Verkið er byggt á sögu langafa

og langömmu Sigtryggs. „Hún lést ung og skildi eftir sig mann og tvo unga syni. Stuttu eftir dauða hennar fór langafi hans í trans og byrjaði hönd hans að skrifa bréf sem hófst á orðunum „Nú er himneska sumarið komið“ og var það kona hans sem skrifaði í gegnum hann. Næstu fjöru tíu árin skrifaði hann reglulega með ósjálfráðri skrift bréf frá látinni eiginkonu sinni til hans sjálfs og sona þeirra. Það má því segja að verkið fjalli um eilífa ást,“ útskýrir hún.

Parið sest við skriftir hvenær sem það á lausa stund og segir Svandís andagiftina koma yfir þau á ólíklegustu stundum. „Við vorum í hestaferð um daginn þegar hann spratt allt í einu upp og fór afsíðis að skrifa nokkra mónólóga – þá hafði andinn skyndilega komið yfir hann – á meðan sat ég, fararstjórinn, frammi og drakk bjór með einhrym Frökkum. Þannig að þetta kemur í gusum.“

ALVÖRU STELPA

Líkt og áður hefur komið fram fer Svandís með hlutverk í uppsetningu Þjóðleikhússins á *Heimsljósi*. Verkið verður frumsýnt á annan í jólum og segist Svandís afskaplega spennit fyrir því að æfingar hefjist. „Þetta er bæði mikill heiður og frábær reynsla og í þokkabót fæ ég að vinna með skemmtilegu og hæfileikaríku fólki og mögnuðum leikstjóra, Kjartani Ragnarssyni. Persónan Jóa í *Veghúsum* er hluti af þríeyki sem berst með verkalyðnum gegn yfirvaldinu og ein af ástkonum

Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins. Rúmlega 72% íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum 18-49 lesa að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - nær þrefalt fleiri en lesa næsta dagblað þar á eftir.

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Apríl til júní 2011, meðallestur á tölublað.



Allt sem þú þarft...



myndaalbúnið



Ég og pabbi í Víðidalstungurétt í fyrra á Erró og Náttari.



Ég með nýju kórónuna frá Erlu frænku. Setti á svið prinsessuleikrit næstu árin!



Mynd úr Stræti í leikstjórn Stefáns Baldurssonar í Nemendaleikhúsinu vorið 2010. Ljósmyndari er Lárus Sigurðsson.



Ég og Sigtryggur að hafa gaman í Berlín 2011.



Spennt fyrir æfingum Svandís Dóra Einarsdóttir leikkona mun bregða sér í hlutverk Jónu í Veghúsum á sviði Þjóðleikhússins í haust. Með henni á myndinni er hundurinn Sprækur.



Ólafs Kárasonar Ljósvíkings. Ég er mjög ánægð með hlutverkið enda er Jóa alvöru stelpa," segir hún brosandi.

Aðspurð segist Svandís ekki eiga í erfiðleikum með að muna texta fyrir leikverk. „Hver og einn temur sér einhvers konar tækni. Þegar ég veit hvað persónu minni gengur til og af hverju hún segir það sem hún segir þá á ég auðvelt með að muna texta. Einna mikilvægast er samt að hlusta á mót-leikarann og bregðast við. Ég hef aldrei lent í því að gleyma texta og hef engar áhyggjur af því. Mig hefur samt dreymt að ég sé stödd á sviðinu, hafi misst af æfingum og viti ekkert hvað ég á að gera eða segja. Kannski blundar þessi ótti í öllum leikurum.“

MEÐ FÍÐRING Í MAGANUM

Svandís segist gjarnan vilja prófa að leikstýra einhvern tímann í framtíðinni. „Ég var mikið í dansi og íþróttum þegar ég var yngri og er því mjög hrifin af „fýsisku“ leikhúsi. Ég sá uppsetningu á Draumi á Jónsmessunótt eftir Thomas Ostermeier og Constönzu Macras úti í Berlín þar sem öllu var blandað saman í einn hrærigraut og því lík orka! Ég man að ég sat í salnum og hugsaði: „Þetta er ástæðan fyrir því að ég fór út í leiklist“. Ég væri mikið til í að prófa að setja upp sýningu þar sem ólíkum listgreinum er blandað saman á þann hátt. En þessa stundina er ég spenntust fyrir að hefja æfingar á Heimsljósi sem fyrst. Ég er komin með fíðring í magann,“ segir hún að lokum.

www.elin.is

Námskeið í TRX og Rope Yoga hefst 29. og 30. ágúst.

Umhverfið er hlýlegt og róandi. Einnig eru hitaklefar og búningsherbergi með sturtu. Elin.is er rekin af Elín Sigurðardóttur ásamt þremur öðrum kennurum.

Bæjarhraun 2, Hafnarfirði

Sími: 696 4419

elin@elin.is



Námskeið í Rope Yoga hefst 29. og 30. ágúst.





Beðið baksviðs Fyrirsætur í hönnun Eyglóar Lárusdóttur bíða þolinmóðar baksviðs. Eygló sótti innblástur sinn til barnabókar sem fjallaði um risaeðlur.



Flott förðun Förðunarfræðingar unnu ótullega að því að farða fyrirsætur fyrir sigurvegara kvöldsins, Hörpu Einarsdóttur.



Hárfint Hárgreiðslufólk að störfum baksviðs.

Reykjavík Runway þótti vel heppnuð:

BRJÁLÆÐI BAKSVIÐS

Hönnunarkeppnin Reykjavík Runway var haldin 18. ágúst og kepptu fjórir efnilegir hönnuðir um verðlaunin. Harpa Einarsdóttir, sem hannar undir nafninu Ziska, bar sigur úr þytum og hlaut að launum peningagjöf, boðskort á tískuvíkuna í New York og allhiða rekstraraðstoð

frá Reykjavík Runway en fyrirtækið sérhæfir sig í að koma íslenskum fatahönnuðum á markað.

Föstudagur fékk að kíkja baksviðs áður en keppnin hófst og líkt og myndirnar bera vitni um var mikið um að vera enda í mörg horn að líta.



Stílistar að störfum Stílistar aðstoða hönnuði við undirbúninginn.

- sm

AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.



AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Ívar Örn Hansen
S: 5125429, gsm 6154349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 5125462, gsm 8233344
sigrurdagny@365.is

Sigríður Hallgríms
S: 5125432, gsm 6924700
sigridurh@365.is



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011

Á RÚMSTOKKNUM

Sigga Dögg kynfræðingur

Sjálfsfróun er eðlileg líkamsrækt

Ég er í óðaönn að undirbúa fyrirlestur um sjálfsfróun og forleik. Áheyr- endur mínir verða læknanemar sem sinna kynfræðslu fyrir framhalds- og grunnskólanemendur landsins. Þessi tvö efni eiga einkar vel saman því sjálfsfróun er besta og öruggasta leiðin til að kynna sér sem kynveru og er því mikilvægur undirbúningur fyrir forleik með kynlífsfélaga. Þrátt fyrir þetta er sjaldan talað sjálfsfróun sem markvissa æfingu sem einstaklingar þurfi að stunda.

Þegar ég var í námi horfði ég á bandarískt myndband um sjálfsfróun frá áttunda áratugnum. Hvort sitt myndbandið var fyrir stráka og stelpur. Í þeim var lögð áhersla á að skapa rólega og þægilega stemmingu og voru einstaklingarnir hvattir til að skoða líkama sinn og kynna sér honum, bæði með snertingu og með spegli. Því næst fylgdu nærgætnar en þó nokkuð ít- arlegar leiðbeiningar á örvunarstöðunum. Sögumaðurinn lagði áherslu á að einstaklingsmunur væri á hvað hverjum og einum þætti gott. Þá vakti það sérstaka athygli mína að strákum var kennt að einblína ekki eingöngu á lim heldur einnig pung og rass. Þetta var með því merkilegra sem ég hafði séð! Ekki fyrir þær sakir að þetta væri afbrigðilegt heldur að einhver hefði viðurkennt að kynfæri karlmannna væru annað og meira en beinstíft typpi sem bæri að niðast á til sáðláts. Að sama skapi var lögð áhersla á að það gæti tekið tíma fyrir þikuna að blotna og að nudda mætti sníp, barma, spöng, rass og leggöng og ekki eingöngu stinga einhverju inn í leggöng. Þessi fróðleikur ætti að vera skyldfræðsla fyrir hvert einasta mannsbarn. Ef allir litu á kynlíf sem eðlilega líkamsrækt trúi ég því að fólk hefði heilbrigðari væntingar og upplifanir af kynlífi. Þetta á sérstaklega við um það þegar við verður virk kynferðislega. Hvor aðilinn um sig kæmi þá inn í sambandið fullur af sjálfsöruggi. Það er óeðlilegt að ætlast til þess að einhver annar eigi að geta fullnægt manni þegar maður kann það ekki sjálfur.

Það er þó enn tími til að bæta úr málunum. Gefðu þér tíma til að stunda sjálfsfróun og þannig vekja hjá þér kynferðislega löngun. Þetta er eitt sem oft gleymist í lang- tímasamböndum. Hinn aðilinn er gerður ábyrgur fyrir kynferðislegri fullnægingu og báðir verða pirraðir ef hún ekki hlýst. Þetta gæti því verið lausn á vandamáli margra para sem kvarta undan kryddleysi í kynlífinu. Fær mak- inn tíma og svigrúm til að sinna sér persónulega sem kynveru? Þetta er æfing sem virkar og ætti að skila sér í betra kynlífi fyrir þig sem einstakling og ykkur sem par.



Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlíf@frettabladid.is



„Elskan mín,
þetta er allt í kaffinu“



Merrild



YFIRHEYRSLAN

Ingibjörg Gréta Gísladóttir, framkvæmdastjóri Reykjavík Runway.

Háir hælar eða flatbotna skór: Háir hælar til að halda „cool“-inu. Annars eru lágbotna að koma sterkir inn.

Ómissandi í snyrtibudduna: Varalitir og gloss frá MAC ásamt nýja Shine-spreyinu frá REDKEN.

Uppáhaldsliturinn: Má ég velja tvo? Svartur og rauður.

Hver eru nýjustu kaupin? Karrígular Oroblu-sokkabuxur sem ég notaði á Reykjavík Runway, elska þær.

Hvað dreymir þig um að eignast? Verð líka að velja tvennt hér. G-lander jeppann frá Mercedes Benz og biker-leðurjakka frá Burberry.

Hvaða lag kemur þér í gott skap? Mamma Mia með ABBA – klikkar ekki.



Uppáhaldshönnuðurinn: Úff, nú spyrðu stórt. Ég á svo marga að ég get ekki gert upp á milli þeirra. En í dag eru það hönnuðirnir sem tóku þátt í Reykjavík Runway í síðustu viku. Allir með tölu.

Uppáhalds-drykkurinn: Vatn og Coke light.



flugrútan

RÚTAN SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALÐAN HÁTT

Áætlun Flugrúttunnar frá BSÍ til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar

Mán. – lau.	Sun.
04:20	04:20
04:40	04:40
05:00	05:00
05:20	05:20
05:40	05:40
06:00	06:00
06:30	06:30
08:00	08:00
09:30	
10:30	10:30
11:30	11:30
12:30	12:30
13:30	13:30
14:00	14:00
15:00	15:00
16:00	
21:00	21:00
22:00	22:00
23:00	23:00

Gildir til og með 31. ágúst.

50% afsláttur fyrir morgunhana sem ferðast með 04:20 brottförinni.

VERÐ
975
~~1950~~
KR.
önnur leiðin


Brottfarir frá Umferðarmiðstöðinni til Keflavíkurflugvallar.

VERÐ
1950
KR.
önnur leiðin

Áætlunarferðir Flugrúttunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll

Bókaðu á www.flugrutan.is

Alltaf laus sæti!



Skannaðu QR kóðann með snjallsímanum þínum



flugrútan

BSÍ Umferðarmiðstöðin • 101 Reykjavík
☎ 580 5400 • main@re.is • www.flugrutan.is

Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Hallgrímsdóttir í síma 512 5432 eða sigridurh@365.is

föstudagur

Fylgstu með